

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Skýrsla um starfsemi safnsins 1991 – 1992

SÝNINGAR

Sýningin á andlitsmyndum Sigurjóns, sem opnuð var í safninu á Listahátíð 1990 stóð fram til mánaðamóta september-október 1991.

Yfirlitssýningin **Sigurjón Ólafsson Danmark - Island 1991** með 34 verkum eftir Sigurjón var sýnd í Danmörku á tímabilinu 13. apríl til 1. september á þremur söfnum, Kastrupgaard-samlingen á Amager, Vejle Kunstmuseum og Silkeborg Kunstmuseum. Aðsókn var mjög góð og vöktu verk Sigurjóns verulega athygli eins og fram hefur komið í mörgum, ítarlegum blaðgreinum. Meðal annars var þess sérstaklega getið, hversu fallega myndirnar voru settar upp í hinum mismunandi húsakynnum, sjá ummæli Alex Steen í Ekstrablaðinu og í Dansk Kunst, yfirlitsbók um sýningar í Danmörku, sem Palle Fogtdal gefur út ár hvert. Mönnum var einnig tíðrætt um tengsl Sigurjóns við danskt menningarlíf á fjórða og fimmta áratugnum.

Af öryggisástæðum fór starfsmaður frá LSÓ utan í hvert skipti sýningin var sett upp og/eða tekin niður. Auk þess lagði Ólafur Sigurjónsson, sonur Sigurjóns í Danmörku, safninu lið við flutning sýningarinnar frá Kastrupgaard til Vejle og þegar sýningin var tekin niður í Vejle. Má þakka árvekni starfsfólks þeirra safna sem í hlut áttu, auk vandaðri þökkun Geirfinns Jónssonar að engin óhöpp gerðust í þökkun eða flutningi og einnig hversu vel fór um myndirnar á sýningarstöðunum.

Eimskipafélag Íslands sá um flutninga milli landa, safninu að kostnaðarlausu, og Flugleiðir hf. gáfu þrjá farmiða, sem gerði safninu kleift að láta starfsmann fylgja sýningunni eftir. Án mikilvægrar aðstoðar þessara tveggja fyrirtækja hefði varla verið raunhæft að ráðast í þessa sýningu. Stjórn safnsins er þeim mjög þakklát og einnig öllum þeim mörgu stuðningsaðilum sem lögðu okkur lið.

Sýningarátakið í Danmörku var mikilvæg kynning fyrir list Sigurjóns og íslenska list almennt og leiddi meðal annars til þess að höggmynd í tré eftir Sigurjón frá árinu 1939 var sett á uppboð í mars sl. af dönskum eiganda sínum. Silkeborg Kunstmuseum keypti verkið og er það mikið gleðiefni að myndin er komin í rétt samhengi innan um verk módernista frá fjórða áratugnum. Þess skal getið að Silkeborg Kunstmuseum á eitt stærsta og merkilegasta safn eftir COBRA menn.

Yfirlitssýningin frá Danmörku var svo opnuð í LSÓ af forseta Íslands frú Vigdísi Finnboga-dóttur að viðstöddu fjölmenni þann 21. október 1991, á afmælisdegi Sigurjóns og vígsludegi safnsins. Fjölmíðlar gerðu opnuninni mjög ítarleg skil, þar á meðal báðar sjónvarpsstöðvarnar. Sýningunni lauk 3.mái 1992.

FJÖLSKYLDU-DAGAR Á LAUGARNESI Á LISTAHÁTÍÐ

Í tengslum við Listahátíð 1992 var opnuð sýning á æskuteikningum Sigurjóns. Flestar teikningarnar eru úr gjöf hjónanna Gísla Ólafssonar og Kristínar Einarsdóttur til safnsins 1989 og hafa ekki verið sýndar áður. Árið 1990 veitti Þjóðhátíðarsjóður styrk til viðgerða að upphæð kr.165.000. Markhópur sýningarinnar er börn og í tengslum við sýninguna var fjölbreytt dagskrá sem LSÓ og Árbæjarsafn stóðu að í sameiningu undir heitinu FJÖLSKYLDUDAGAR Á LAUGARNESI, sbr. fylgiskjal, en tilgangurinn var meðal annars að kynna fyrir almenningi búsetulandslagið Laugarnes. Þrátt fyrir fremur óhagstætt veður á þessu tímabili var áhugi almennings mikill og aðsókn frábær. Um 1500 gestir komu í safnið á þessum hálfu mánuði, sem Fjölskyldudagarnir stóðu yfir.

Safnið var opið alla daga, leiðsögn var um sýninguna dag hvern, aðstaða fyrir börn til að teikna, mála og útbúa flugdrekka í 250 m² stóru tjaldi á lóð safnsins austanverðri. Þaðan var einnig stýrt ratleikjum um hið forna búsetulandslag og voru verðlaun veitt fyrir þátttöku í lok hátíðarinnar. Teikningar barnanna voru sýndar á sérstökum vegg í safninu. Merkipjöld voru sett upp hjá helstu fornminjum og kennileitum á Laugarnesi og leiðsögn var um svæðið í fylgd Margrétar Hallgrímsdóttur borgarminjavarðar og Gests Þorgrímssonar, myndhöggvara, sem ólst upp á Laugarnesi.

Vikurnar fyrir fjölskyldudagana unnu starfsmenn Listasafnsins við að tína rusl af öllu Laugarnesinu og samkvæmt beiðni frá safninu fjarlægðu starfsmenn gatnamálastjóra Reykjavíkurborgar hættulegar gaddavírsgirðingar af svæðinu.

Efnt var til flugdreka hátíðar sunnudaginn 14.júní. Páll Gíslason varaforseti borgarstjórnar setti hátíðina. Mikill fjöldi gesta á öllum aldri var þar með flugdreka sína, flesta ættaða úr smiðju Laugarnesstjaldsins.

Sérstakar dagskrár fyrir börn voru í sal safnsins; tónleikar nemenda úr Suzukiskólanum og vikulegar sýningar Jóns E. Guðmundssonar á Íslenska Brúðuleikhúsið.

Bæði dagblöð og ríkissjónvarpið gerðu hátíðinni góð skil.

TÓNLEIKAR ÁRSINS 1991

Vikulegir sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns hófust í byrjun júní og stóðu fram í byrjun september. Alls voru haldnir 13 tónleikar auk þrenna endurtekningartónleika. Þar komu fram 27 hljóðfæraleikarar og var aðsókn mjög góð, enda hafa þriðjudagstónleikar safnsins notið mikilla vinsælda frá upphafi. Samkomulag var milli LSÓ og Norræna Hússins um að tónleikar hjá þessum tveim húsum yrðu ekki haldnir á sama tíma. Í framhaldi af því hefur Norræna Húsið lagt sína sumartónleika um helgar.

Sex sinnum var salurinn leigður út fyrir tónleika og samkomur og má nefna að þann 26/10

1991 var haldin minningarvaka um Geir Kristjánsson, sem 100 manns sóttu. Meðal gesta voru rússneski sendiherrann og menntamálaráðherra Ólafur G. Einarsson.

Í samvinnu við Íslandsbanka kynnti Íslensk Tónverkamiðstöð geisladisk í safninu þann 3.

september með íslenskri tónlist í flutningi Arnar Magnússonar píanóleikara. Lék Örn við þetta tækifæri tónlist af disknum. Hljóðritunin, sem fram fór í safninu, þótti sérlega vönduð og hafa gagnrýnendur rómað flygilinn og hljómburð salarins.

Bókmenntadagskrár í safninu voru færri en áður, eða tvær á vormisseri 1991 en engar á

BÓKMENNTA- DAGSKRÁR

haustmisseri. Kom þar tvennt til: annir starfsfólks við önnur störf og einnig sú staðreynd að öflug bókmenntakynning hefur verið í gangi á Kjarvalsstöðum í beinni útsendingu á Rás 1 í RÚV. Þar að auki eru bókaforlögjin sjálf farin að kynna bækur sínar fyrir jól á samkomum.

Á árinu sem leið var kaffistofa safnsins rammi um fundi og móttökur og má nefna opinbera

MÓTTÖKUR

móttöku Varnamálanefndar utanríkisráðuneytisins síðastliðið vor, hádegisverð stjórnar Finnsk-Íslenska menningarsjóðsins og heimsókn Forsætisnefndar danska Þjóðþingsins, en dönsku gestirnir komu í morgunkaffi og fengu leiðsögn um safnið þann 22. ágúst 1991.

Fjöldi gesta í safninu 1991 var um 5000 manns.

FJÖLDI SAFNGESTA

Aðgangseyrir að sýningum safnsins eru 200 kr. fyrir fullorðna, en börn í fylgd fullorðinna fá ókeypis inn.

AÐGANGS- EYRIR

Starfsmannafjöldi safnsins er óbreyttur frá fyrra ári og eru fastir starfsmenn auk forstöðu-

FASTIR

STARFSMENN

manns, Sólveig Georgsdóttir, sem hefur verið í fullu starfi við skráningu verka og Geirfinnur Jónsson í hálfu starfi, en hann hefur verið staðgengill í forföllum forstöðumanns. Hann sinnir launabókhalda, húsvörslu og öðru því sem fellur til. Kallað er til gæslufólks og sjálfboðaliða þegar þörf krefur.

SKRÁNING OG RANNSÓKNIR

Að staðaldri er unnið að skráningu listaverka eftir Sigurjón auk ljósmynda af verkum hans og

ritaðra heimilda um hann. Hófst þetta starf með útgáfu safnskrár árið 1985, „Bókin um Sigurjón“, og er stefnt að því að ljúka verkinu á næsta ári. Undanfarin tvö ár hefur Sólveig Georgsdóttir nær eingöngu unnið að skráningarvinnu.

Haldið er áfram leit að verkum Sigurjóns erlendis og einnig eru tekin viðtöl við samtímamenn Sigurjóns.

Sótt var um framlag úr Vísindasjóði vegna heildarskráningar á verkum Sigurjóns fyrir árið

1992, en sjóðurinn hefur tvisvar áður veitt framlög til verkefnisins, kr. 150.000 árið 1989 og kr. 325.000 árið 1991. Styrkur Vísindasjóðs árinu 1992 nemur kr. 450.000 og er það lokaframlag vegna verkefnisins.

LSÓ sótti um styrk til Carlsberg sjóðsins haustið 1991 vegna útgáfu á heildarskrá yfir verk

Sigurjóns, en umsókninni var synjað.

RÁÐSTEFNUR	<p>Dagana 25. – 29. september 1991 var haldin á Hanaholmen í Finnlandi önnur ráðstefna norrænna listamannasafna. Sólveig Georgsdóttir sat ráðstefnuna fyrir hönd LSÓ, en þar voru m.a. ræddar rannsóknir á vegum listamannasafna og samstarf við aðrar stofnanir. Ákveðið var að næsta ráðstefna verði haldin á Íslandi haustið 1993.</p> <p>Í sömu ferð kynnti Sólveig sér skráningarkerfi Gallen-Kallelasafnsins í Esbo og fræðslustarfsemi Bror Hjorth-safnsins í Uppsölum, sem hefur vakið mikla athygli og fengið fjölda viðurkenninga.</p> <p>Íslensk-finnski menningarsjóðurinn veitti LSÓ styrk til þátttöku í ráðstefnunni að upphæð 4.000 finnsk mörk.</p>
ÚTGÁFU- STARFSEMI	<p>Árbók LSÓ, sem frá upphafi hefur verið gefin út sem tvíæringur, var send styrktaraðilum á vormánuðum 1991. Vonast er til að hægt verði að gefa út næstu árbók vorið 1993.</p> <p>Vönduð sýningarskrá var gefin út í tilefni Danmerkursýningarinnar, og hefur hún að geyma nýtt efni, m.a. mikilvæg viðtöl Susönnu Jörn við nokkra samtíðarmenn Sigurjóns í Danmörku.</p> <p>Langt er síðan, eða um sjö ár, frá því að Susanne Jörn hóf að skrifa ljóð við listaverk eftir Sigurjón, en hugmyndin var að gefa út vandaða ljóðabók með 40 litljósmyndum af listaverkunum. Ekki tókst að fá útgefanda fyrir svo dýra bók og hefur málið verið í biðstöðu. Þegar Susanne var hér á ferð síðastliðið haust sýndi HEKLA HF verkinu áhuga, og samþykkti að fjá magna útgáfu líttillar bókar með ljóðum á ensku og japönsku við níu litprentuð listaverk. Susanne orti frumtextann á ensku en ein frægasta skáldkona Japans, Kazuko Shiraishi, þýddi á japönsku. Er bókin væntanleg á næstu vikum. Þess skal getið að Susanne er skáld og rithöfundur, hún skrifar verk sín á dönsku en þýðir jafnframt kínversk og japönsk ljóð úr frummálunum. Susanne er búsett í Bandaríkjunum.</p>
VEGGSPJÖLD	<p>Veggspjald með mynd af Sigurjóni við eitt verka sinna var prentað í tilefni Danmerkursýningarinnar og fylgdi henni. Hérlendis var það meðal annars sent út í flesta skóla landsins í kynningarskyni.</p> <p>Veggspjald var hannað fyrir Listahátíð í Reykjavík 1992, meðal annars til að kynna fjölbreytta dagskrá safnsins á meðan á hátíðinni stóð.</p>
PÓSTKORT	<p>Svart-hvítu póstkortin í stærð A5 sem gefin voru út í fyrra hafa selst vel. Listasafn Íslands hefur tekið tvö þeirra í umboðssölu.</p> <p>Fyrir síðustu jóll gekk talsvert á birgðir safnsins af tvöföldu listaverkakortunum, sem prentuð voru 1985 og 1988, þar eð pantanir bárust frá þremur ráðuneytum og einnig frá aðilum úti í bæ. Svo virðist sem menn hafi viljað styrkja safnið í þrengingunum. Tímabært er að litprenta ný kort.</p>
MYNDBAND	<p>Í tengslum við yfirlitssýninguna á mannamyndum Sigurjóns var ákveðið að ráðast í að gera 15 – 18 mín. myndband um þessa grein listsköpunar Sigurjóns. Ólafur Rögnvaldsson kvikmyndagerðarmaður var ráðinn til að taka myndina og handritið var unnið af LSÓ og Ólafi Rögnvaldssyni, og stuðst var við viðtal sem Erlingur Jónsson átti við Sigurjón um reynslu hans af gerð mannamynda.</p> <p>Listasafn Sigurjóns er framleiðandi myndarinnar en Styrktarsjóður safnsins fjármagnaði hana. Kostnaður við myndina varð 1.7 milljónir króna og sótt var um styrki bæði til Kvikmyndasjóðs Íslands og til Menningarsjóðs útvarpsstöðva, en umsókn var sýnjað. Myndin var sýnd í RÚV-sjónvarpi 21. október 1992.</p>
GJAFIR TIL SAFNSINS OG KAUP	<p>Nokkrar gjafir bárust safninu á árinu 1991:</p> <p>Börn Jóns E. Bergsveinssonar færðu safninu gifsmynd af föður þeirra sem Sigurjón vann um 1950.</p> <p>Eyrbakkahreppur hefur gefið safninu veggskjöld í gifsi sem Sigurjón gerði af kennara sínum Aðalsteini Sigmundssyni, sennilega fyrir 1928. LSÓ hefur leyft gefendum að láta gera eina bronsafsteypu sem sett hefur verið upp í barnaskólanum á Eyrbakka.</p> <p>LSÓ hefur keypt verkið „Tvær hendur tómar“ í tré frá árinu 1981.</p> <p>LSÓ bauðst að kaupa lágmynd í gifsi eftir Sigurjón af Jakob Hálfðánarsyni kaupfélagsstjóra og var gengið að tilboði seljanda: 50.000 kr. við móttöku (jan. 1992) og 50.000 kr. að ári.</p>

AFSTEYPU LSÓ beitti sér fyrir því að gerðar voru 2 bronsafsteypur af andlitsmynd Sigurjóns af Porvaldi Skúlasyni frá árinu 1933. Frummyndina í gifs gaf hann Listasafni Íslands árið 1971. Myndin er merkur áfangi í portrettgerð Sigurjóns og var mjög brýnt að koma verkinu í varanlegt efni. Háskólasjóður keypti aðra af þessum afsteypum handa Listasafni Háskóla Íslands, en hin er í eigu Listasafns Íslands ásamt frummyndinni í gifs.

NOKKUR ATRIÐI ÚR STARFI SAFNSINS 1992

**SÝNING Á
Á EYRARBAKKA** Sýningin „Æskuverk Sigurjóns“ var sett upp í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka 17. – 25. október í tilefni 140 ára afmælis barnaskólans þar.

**TÓNLEIKAR
OG ÖNNUR
MENNINGAR-
STARFSEMI** Þriðji bekkur leiklistarskólans flutti prófverkefni sitt *Aðfangadagur dauða míns dagana* 20. 22., 26. og 27. mars 1992 í sal safnsins.

Musica Nova og Goethe Institut stóðu fyrir tónleikum sellóleikarans Michael Bach þann 25. apríl 1992.

Burtfararprófstónleikar Tónlistarskólans í Reykjavík voru haldnir 28.04.1992.

Tónleikar á vegum Haydnfélagsins 24.05.1992.

Tónleikar nemenda úr Suzukiskólanum á Listahátíð 13.06.1992.

Jón Guðmundsson og Íslenska Brúðuleikhúsið á Listahátíð 2., 9. og 16. júní 1992.

ÞRIÐJUDAGS- TÓNLEIKAR

Hinir vinsælu þriðjudagstónleikar safnsins voru ellefu talsins oftast nær við húsfylli. Nokkra tónleika þurfti að endurtaka vegna aðsóknar. Áheyrendahópurinn var mest úr röðum íslenskra tónlistarunnenda, en fjöldi erlendra ferðamanna leggur einnig leið sína í safnið. Borist hafa kveðjur frá mörgum þeirra og hefur meðal annars verið óskað eftir að forráðamenn safnsins miðluðu boðum til íslenskrar söngkonu um að halda tónleika í Háskólanum í Toronto.

ANNAR Japanskur listamaður Yuji Takeoka fór þess á leit við safnið að fá að nota Árbók LSÓ.

Átti rit Sigurjónssafns að vera innanum 1.000 önnur listtímarit frá 20 þjóðum við hönnun hugverks á alþjóðlegu listsýningunni í Kassel í Þýskalandi, DOCUMENTA IX. Sigurjónssafn varð við þessari beiðni.

Á árinu 1992 varð LSÓ tvívegis rammi um verðlaunaveitingar:

Úthlutun úr Minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat að viðstöddum forseta Íslands þann 23.

júní og úthlutun úr Menningarsjóði VISA þann 7. október.

Þann 20. september voru haldnir tónleikar á vegum Tónskáldafélags Íslands og LSÓ til

heiðurs Jóni Þórarinssyni í tilefni af 75 ára afmæli tónskáldsins.

Hinn kunní sænski rithöfundur og listfræðingur Bengt Lagerkvist gerði röð sjónvarpsþátta

sem bar heitið: Gå på museum i Norden. Myndirnar voru sýndar á öllum Norðurlöndum,

meðal annars í íslensku ríkissjónvarpinu. Voru valin tvö söfn frá hverju Norðurlandi, frá

Íslandi var Listasafn Íslands og Sigurjónssafn fyrir valinu. Mjög jákvæð viðbrögð hafa komið til Sigurjónssafns frá öllum Norðurlöndum og er slík kynning að sjálfsögðu mjög mikilvæg.

Reykjavík, 31. október 1992

Fyrir hönd Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Birgitta Spur